



Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 5. júní 2024
2405164/0.4.1

Efni: Umsögn embættis landlæknis um tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til ársins 2030. 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 1505, 1036. mál.

Í ályktunni kemur fram að “Íslensk ferðapjónusta verði leiðandi í sjálfbærri þróun á grunni jafnvægis á milli efnahags-, umhverfis- og samfélagslegra þátta. Rekin verði arðsöm og samkeppnishæf ferðapjónusta sem starfi í sátt við bæði land og þjóð”.

Mikilvægur þáttur hvers samfélags er heilbrigðisþjónustan. Ekki verður séð að fjallað sé um heilbrigðisþjónustu til handa ferðamönnum, hvernig henni verði best sinnt eða hvernig hún kunnni að hafa áhrif á heilbrigðisþjónustuna í landinu. Ljóst er að með vaxandi fjölgun ferðamanna hefur álag á heilbrigðisþjónustuna aukist en fjöldi þeirra þarf að leita sér heilbrigðisþjónustu vegna veikinda og slysa. Vissulega er þó fjallað um að bæta öryggi ferðamanna og þannig vonandi fækka slysum.

Undirritaðri er ekki kunnugt um að gerð hafi verið greining á vaxandi álagi og afleiðingum fjölgunar ferðamanna á innviði heilbrigðisþjónustu. Það er ekki alveg einfalt að lesa slíkt úr gögnum en ljóst að það munar svo sannarlega um komur og legur ferðamanna víða um land. Því er það lagt til hér að inn í Ferðamálastefnu verði t.d. undir *C. lið Samfélag* bætt við sérstökum undirlið um heilbrigðisþjónustu, t.d. *C.xx: Heilbrigðisþjónusta*. Markmið: Að greina áhrif vaxandi ferðamannafjölda á innviði heilbrigðisþjónustu eftir þjónustustigi og landsvæðum til að meta þolmörk og hvernig bregðast megi við álagi. Skipaður yrði starfshópur helstu hagsmunaaðila undir stjórn heilbrigðisráðuneytis. Í framhaldinu yrði svo gerð tímasett og fjármögnuð aðgerðaráætlun skv. forgangsröðun heilbrigðisráðuneytis.

Virðingarfyllt,

Alma D. Möller landlæknir (rafræn undirritun á næstu síðu)

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Alma D. Möller

Kennitala: 2406613309

Tími: 05.06.2024 15:09

Undirritað skjal úr OneCRM

Undirritað með  OneSign